

APRÍL 2026
VERNE GLOBAL EHF.

Nýtt gagnaver Verne við Valhallarbraut

Fyrirspurn um matsskyldu

VERNE

Nýtt gagnaver Verne við Valhallarbraut

Verknúmer

A303577

Skýrslunúmer

A303577 -01

Útgáfa

2.0

2.1

Dagsetning

31-03-2026

15-04-2026

Lýsing

Fyrirspurn um matsskyldu

Uppfært mv. athugasemdir frá HMS

Unnið af

THORT / KATRR

KATRR

Rýni

RUDBJ

RUDBJ

Samþykkt

KATRR

KATRR

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
1.1	Yfirlit	2
1.2	Matsskylda	3
1.3	Skipulag	3
1.4	Leyfismál	4
2	Lýsing á staðháttum	5
3	Fyrirhugað gagnaver	9
3.1	Framkvæmdalýsing	9
3.2	Rekstur	10
4	Mat á umhverfisáhrifum	12
4.1	Náttúrufar	12
4.2	Ásýnd	13
4.3	Hávaði	15
4.4	Losun efna	16
4.5	Fornminjar	17
4.6	Samfélag	17
5	Niðurstaða	19

1 Inngangur

1.1 Yfirlit

Verne Global ehf. rekur gagnaver á Ásbrú í Reykjanesbæ á svæði sem áður hýsti herstöðvar NATO. Fyrsta gagnaver Verne Global opnaði á Íslandi árið 2012 og samkvæmt gildandi starfsleyfum er leyfilegt uppsett varaafli fyrir allt að 84 MW. Núverandi uppsett afl fyrir tölvubúnað er u.þ.b. 41 MW auk þessu er 7,5 MW í byggingu sem verð tekin í notkun í lok ársins. Gagnaver Verne Global á Íslandi fylgja gæðakröfum skv. ISO 27001:2022, ISO 9001:2015, ISO14001:2015 og ISO 45001:2018.

Á svæði Verne Global á Ásbrú er nú ráðgerð ný bygging fyrir gagnaver á byggingareitum 401 og 501 á skipulagsreit Valhallarbrautar 868, sjá Mynd 1. Gert er ráð fyrir einni byggingu ásamt búnaði og varaafsvélum utanhúss sem er á samtals um 24.000 fermetra lóð. Áætlað er að uppbygging geti hafist á árinu 2026, eða þegar öll leyfi liggja fyrir og að framkvæmdir standi yfir árin 2026-2028.

Fyrir þessa uppbyggingu gagnavers er miðað við að það sé með 100% varaafli á staðnum ótengt við raforkukerfið þannig að hægt sé að reka það óháð öllum truflunum á dreifikerfi rafmagns. Áætluð raforkuþörf þeirra tölvukerfa sem hýst myndu verða í þessum nýja áfanga er allt að 120 MW auk álags frá öðrum innviðum gagnaversins s.s. kælikerfa.



Mynd 1. Yfirlitskort af staðsetningu framkvæmdasvæðis.

1.2 Matsskylda

Í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru tilgreindar framkvæmdir í flokki B sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 2. viðauka.


Samkvæmt töflu í 1. viðauka laganna flokkast Grunnvirki í lið 10.01 "Iðnaðarframkvæmd þar sem framkvæmdasvæði eða gólfblotur bygginga er a.m.k. 20.000 m²" í flokk B.

Samkvæmt lið 3.02 í Orkuíðnaði eru „Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira" í flokki A. Vélur sem eingöngu hafa verið settar upp sem varaafli hafa þó ekki verið taldar falla undir þennan flokk. Framkvæmdin telst því ekki til framkvæmda í flokki A heldur í flokki B.

Fyrirspurn um matsskyldu er lögð fram á grundvelli þessara forsendna.

1.3 Skipulag


Í gildi er deiliskipulag fyrir byggingareiti 401 og 501 við Valhallarbraut frá árinu 2023, sjá Mynd 2.




Mynd 2. Skipulagsuppráttur fyrir Valhallarbraut 868, reitir 401 og 501 (hvítir afmarkað með grænum ramma) eru austan við núverandi byggingar Verne (gráir).

Þar eru settir fram tveir aðskildir byggingareitir þar sem gert er ráð fyrir allt að 17.200 m² byggingu, 1-3 hæðir, á hvorum reit. Tilgreint er að heimild sé fyrir tækniþúnaði á þaki, allt að 3,5 m yfir hámarks þakhæð og að hávaðamyndandi þúnaður utanhúss skuli vera norðan við hús. Fyrir reit 501, sem er sunnar, er viðbót sem tilgreinir: „Kvöð er á reitnum að hönnun bygginga tryggi fullnægjandi hljóðvist gagnavart nærliggjandi húsum.“

Fyrirhugað er að sameina byggingareiti 401 og 501 og byggja eitt 24.000 m² mannvirki og með hávaðamyndandi þúnaði eins og kælum, rafþúnaði og varaafslvélum beggja megin við húsið sem hýsir tölvubúnaðinn. Því verður sótt um breytingu á deiliskipulagi samhliða þessari fyrirspurn um matsskyldu, sjá Mynd 3. Gert er ráð fyrir að sama kvöð gildi á sameinuðum reit um að hönnun bygginga tryggi fullnægjandi hljóðvist gagnvart nærliggjandi húsum. Þar sem nú er fyrirhuguð mun minni bygging á svæðinu gefst tækifæri til að setja upp hljóðmanir og veggir sunnan og austan til á lóðinni til að draga úr áhrifum hávaðamyndandi þúnaðar og mýkja ásýnd byggingar.



GILDANDI DEILISKIPULAG, samþykkt 05.09.2023



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Mynd 3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

1.4 Leyfismál

Verne Global ehf. hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (HES) með skilyrði „fyrir gagnaver og varaafllstöðvar og almenn skilyrði um mengunarvarnir“. Þrjú leyfi eru í gildi vegna núverandi gagnavera á Valhallarbraut 868, Valhallarbraut 869 og Valhallarbrautar 872, 30 MW fyrir lóðir 868 og 869 og 24 MW fyrir lóð 872, samtals 84 MW.¹

Fyrirhugað nýtt gagnaver verður byggt í þremur 40 MW áföngum, sem nemur hýsingu á allt að 120 MW af tölvubúnaði samtals. Sótt verður um starfsleyfi fyrir starfsemi til HES og/eða Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við kröfur þeirra.

Framkvæmdin er einnig háð öðrum eftirfarandi leyfum:

- Byggingarleyfi skv. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.
- Framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna annarra framkvæmda á lóð en húsbygginga.


¹Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, *Útgefin starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi*, sótt 16.03.2026 <https://hes.is/mengunareftirlit/utgefin-starfsleyfi-fyrir-mengandi-starfsemi/>

2 Lýsing á staðháttum

Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem athafnasvæði þar sem megin áhersla er á flugvallarstarfsemi og rýmisfreka starfsemi. Núverandi gagnaver eru stærstu mannvirkin á svæðinu sem einkennist að öðru leyti af lágreistum byggingum af ýmsum stærðum og gerðum. Nánasta umhverfi til norðurs og vesturs er fyrrum athafnasvæði varnarliðsins, skemmur og flughlöð, en íbúðarbyggð til suðurs og óbyggt svæði til austurs.

Samkvæmt greinargerð deiliskipulags einkennist landslag af heiðagróðri í grunnnum jarðvegi og einstaka klöppum og stórgrýti. Á stórum hluta svæðisins er landslagi raskað með rásum fyrir ofanvatnslausnir, malbikuðum götum, plönun og malarsvæðum. Á malarsvæðum hefur hluti af jarðvegi verið fjarlægður til nota annars staðar. Mynd 4 gefur yfirlit yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði og nánasta umhverfi. Inn á myndina eru einnig merktar staðsetningar mynda 5-9.

Á myndum 3 og 5 sést að bílastæði er á hluta núverandi byggingareita 401 og 501 en lítt gróin svæði og malarsvæði á mestum hluta byggingareitanna. Þar sem jarðvegur hefur verið fjarlægður hefur grjót verið skilið eftir.



Mynd 4. Loftmynd af svæðinu. Afmörkun byggingareita 401 og 501 skv. núgildandi deiliskipulagi eru merkt inn á myndina með appelsínu gulum ramma. Íbúðarbyggð sunnan við byggingareiti og núverandi gagnaver Verne vestan við. Staðsetning mynda 5-9 eru merktar með bláum stjörnum.



Mynd 5. Núverandi ásjón af bílastæði á vesturenda svæðisins. Íbúðir sjást til hægri á mynd. Mynd tekin 16.05.2025.

Á öðrum hluta svæðisins er jarðvegur einnig að einhverju leyti raskaður, sjá myndir 6 og 7.



Mynd 6. Fyrirhugað byggingarsvæði, mynd tekin norðan við byggingareiti frá Þjóðbraut. Á myndinni sést grindverk sem markar bílastæði á Mynd 5. Mynd tekin 16.05.2025.



Mynd 7. Fyrirhugað byggingarsvæði, mynd tekin sunnan við byggingareiti frá Valhallarbraut, núverandi gagnaver er til vinstri. Mynd tekin 16.05.2025.

Myndir 8 og 9 sýna núverandi ásjúnd frá austan og norðan við byggingareiti.



Mynd 8. Fyrirhugað byggingarsvæði, mynd tekin norðan við byggingareiti frá Þjóðbraut. Íbúðir er beint af augum. Núverandi gagnaver til hægri. Mynd tekin 16.05.2025.



Mynd 9. Fyrirhugað byggingarsvæði, mynd tekin austan við byggingareiti frá Grænásbraut. Íbúðir til vinstri, gagnaver beint af augum, flugskýli hægra megin við gagnaver. Mynd tekin 16.05.2025.


3 Fyrirhugað gagnaver

3.1 Framkvæmdalýsing

Verne Global á Íslandi fyrirhugar byggingu á nýju gagnaveri á svæði sínu á Ásbrú í Reykjanesbæ. Um er að ræða hátækni gagnaver með tölvubúnaði sem byggir á góðum tengingum við raforkukerfið og nýtir allt að 120 MW til hýsingu á tölvubúnaði. Gagnaverið er hannað sem orkusparandi og umhverfisvæn miðstöð fyrir stafræna innviði og útfært til að mæta ítrustu kröfum sem gerðar eru til nýjustu gagnavera. Til að tryggja fullt vinnsluöryggi allra gagna er gert ráð fyrir uppsetningu á 100% varaafli ef til neyðarástands kæmi.

Gagnaverið verður byggt upp í áföngum þannig að því verður skipt upp í þrjá 40 MW fasa, sem verða byggðir hver á eftir öðrum ef áætlanir ganga upp.

Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi eru tveir byggingareitir, 401 og 501, sem leyfa uppbyggingu á 17.200 m² gagnaveri á hvorum reit, sjá Mynd 10. Nú verður sótt um að breyta skipulagi til að sameina byggingareitina og byggja eina gagnavers byggingu.




Mynd 10. Hluti af skýringaruppdrætti með núgildandi deiliskipulagi². Reitir 401 og 501 hægra megin. Allur búnaður utanhúss er norðan við byggingar.

Nú er gert ráð fyrir að umfang byggingar ásamt kælibúnaði, rafbúnaði og varaafslstöðvum utanhúss verði um 24.000 m².

Miðað er við framkvæmdir á lóð geti hafist vorið 2026 og uppbygging mannvirkja síðar á árinu eftir að búið er að breyta skipulagi og fá tilskilin leyfi til að hefja byggingarframkvæmdir.

² Skýringauppdráttur Valhallabraut 868, 15.05.2023

https://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=cacp3lFQ4EWeNAQ_tvo82g



Mynd 11. Möguleg útfærsla á nýrri byggingu gagnavers með mögulegum hljóðmönnum í dökkgrænum lit og veggjum. Möguleg áfangaskipting er sýnd með mislitum byggingum. Búnaður utanhúss er beggja megin við byggingu.

3.2 Rekstur

Rekstur gagnavers felur í sér þá starfsemi og viðhald sem þarf til að tryggja að gagnaverið starfi á skilvirknan, öruggan og stöðugan hátt. Starfsemin felur í sér hýsingu á tölvubúnaði ásamt rekstri kælikerfa og annarra innviða gagnavers. Sett verður upp varaafli til þess að fullnægja orkuþörf nýs gagnavers þannig að hægt sé að reka það óháð öllum truflunum á dreifikerfi rafmagns en aðeins verður gripið til notkunar varaafstöðva í neyðartilvikum.

3.2.1 Kælivatn

Kælikerfi nýja 120 MW gagnaversins samanstendur af þurrum kælibúnaði með vatn og própýlen glýkól sem kælimiðil í lokuðu hringásarkerfi. Kælimiðillinn verður notaður til að kæla upplýsingatækniþúnað, u.þ.b. 20% loft í vökva varmaskipta og 80% vökva í vökva varmaskipta, í annari lokaðri hringrás. Ekki er gert ráð fyrir vatnssprautun á kælna og vatnsnotkun því takmörkuð við upphafsfyllingu og áfyllingu á lokaða kerfið.

3.2.2 Rafmagn

Gagnaver Verne er stórnotandi á rafmagn, sem þarf á stöðugu rafmagn að halda. Verne er nú að ljúka byggingu nýs tengivirkis á staðnum með tvískiptum kerfum og tengingum við aðalflutningskerfið í Fitjum og Njarðvíkurheiði. Til að tryggja raforkuöryggi gagnaversins enn frekar verður byggt upp 100% varaafli ef truflun verður á afhendingu rafmagn frá aðalnetinu. Við eðlilegar rekstraraðstæður verða varaafsvélar aðeins gangprófaðar 4-6 sinnum á ári.

Suðurnesjalína 2 (220 kV) mun bæta rekstraröryggi gagnaversins og raforkuafhendingu á Reykjanesi enn frekar og draga þannig úr hættu á raforkuframleiðslu með varaafsvélum.

3.2.3 Eldsneyti

Miðað er við að settar verði upp allt að 97 varaafsvélar og í samræmi við stefnu Verne um að skipta út öllu jarðefnaeldsneyti sem notað er á svæðinu munu þær ganga 100% fyrir VLO lífrænni dísilolíu (HVO). Eldsneyti verður geymt í tanki undir hverri varaafsvél, hver tankur er um 30 m³.

HVO er endurnýjanlegt eldsneyti framleitt með vetnismeðhöndlunartækni. Hægt er að nota HVO í staðinn fyrir jarðefnaeldsneyti til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þegar notuð er 100% endurnýjanlegt HVO þá minnkar losun gróðurhúsalofttegunda um 75-90% eftir því hvaða reikniáferð er notuð. Eldsneytið er einnig hreinna en hefðbundin dísilolíu og því verður losun annarra mengunarefna minni en við brennslu á hefðbundinni dísilolíu. Mest er minnkunin á losun á rykögnum eða yfir 50%, en einnig minnkar losun á kolmónoxíði og vetniskolefni mikið, sérstaklega í köldu veðri. Eldsneytið virkar betur í kulda og brotnar einnig niður með lífrænum hætti í náttúrunni.

Eldsneytisnotkun er takmörkuð við varaafsvélar sem eingöngu verða notaðar við neyðarástand t.d. ef tenging við raforkudreifikerfi rofnar tímabundið eða ef um tímabundinn skort á raforku eru að ræða. Einnig verða vélarnar álagsprófaðar u.þ.b. 4-6 sinnum á ári, í 30-60 mínútur í senn eins gert er í öðrum byggingum á svæðinu. Miðað er við á prófunin fari fram þegar vindur kemur frá suðri eða austri þannig að útblástur og hljóð berist undan vindi frá annarri byggð á átt að flugvellið. Eldsneytisnotkun vegna prófana á öllum varaafsvélum er u.þ.b. 45-50 m³ á ári.

4 Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdir við bygginguna og lagnir eru þeir framkvæmdapættir sem valda raski og breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti. Þá mun helstu áhrifa gæta á framkvæmdatíma en þó eru einnig áhrif vegna reksturs varaafstöðva og kælikerfa. Þeir umhverfisþættir sem talið er að orðið geti fyrir áhrifum eru eftirfarandi:

- Náttúrufar
- Ásýnd
- Hávaði
- Losun efna

Hér á eftir er lýsing á hugsanlegum áhrifum á hvern umhverfisþátt fyrir sig.

4.1 Náttúrufar

Gróður

Svæðið sem framkvæmdir fara fram á flokkast að mestu sem moslendi og mólendi með lyngmóa, hraungambra og mosamóa samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.³ Í jaðri svæðisins er einnig skráð grasmelavist, alaskalúpína og svæðið er afmarkað af þéttbýli iðnaðar og vega. Sjá myndir 12 og 13.



Mynd 12. Flokkun gróðurs á byggingareitum 401 og 501 (afmarkað með svörtum ramma), mynd tekin úr vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

³ Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar, sótt 16.03.2026 <https://vistgerdakort.ni.is/>



Mynd 13. Vistgerðir á byggingareitum 401 og 501 eru að mestu hraungambravist (drapplitað) og lyngmóavist (grænt). Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar yfir loftmynd NÁTT.

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á gróður felast í beinu raski vegna mannvirkjagerðar. Flestar vistgerðir á byggingareitum 401 og 501 hafa lágt verndargildi en lyngmóavist hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.⁴ Af myndum 4-9 í kafla 2 sést þó að umhverfið austan og norð- og suð-austan er þegar nokkuð raskað og af loftmyndum sjást t.a.m. rákir í jarðvegi og litabreytingar á jarðvegi sem gefa til kynna röskun. Á hluta svæðisins hefur mólendi verið fjarlæggt og þar er bert grjót. Alaskalúpína hefur einnig dreift sér víðar á raskaða svæðinu og því eru áhrif á gróður metin óveruleg.

Jarðfræði

Á svæðinu er þunnt jarðvegslag, brúnjörð, ofan á klöpp. Þrátt fyrir að svæðið sé utan gliðunarbeltis Reykjanesskagans virðist lekt bergs mikil.⁵

Í borholuskrá Umhverfis- og orkustofnunar⁶ má sjá yfirlit um borholur á svæðinu og borskýrslur. Þar á meðal eru borholur á lóð Verne 868 og í næsta nágrenni, sem virðast staðfesta þessa lýsingu.

Engar skrásettar jarðfræðiminjar eru innan svæðis og engin svæði sem heyra undir sérstaka vernd. Áhrif á jarðfræði eru metin óveruleg.

Vatn

Ekkert yfirborðsvatn er á byggingarsvæði og lóð Verne Global ehf.

4.2 Ásýnd

Sú framkvæmd sem nú er ráðgerð miðar við að heildar byggingarmagn minnki um 10 000 m², en að hávaðamyndandi búnaður verði staðsettur beggja megin við eina stóra byggingu. Minna byggingarmagn á lóðunum gefur þannig möguleika á að útfæra hljóðhönnun með jarðvegsmönnum og veggjum þannig að hægt verður að búa til mýkri áferð á svæðinu sunnan og austan megin frá.

⁴ Náttúrufræðistofnun, Vistgerðir: Land, sótt 16.03.2026 <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land>

⁵ Daði Þorbjörnsson og Sigurður Ýmir Richter. *Rosmhvalanes 2 Áætlun um skipulag yfirlitsvöktunar*. ÍSOR, 2021.

⁶ Kortasjá Orkustofnunar, sótt 16.03.2026 <https://www.map.is/os/>

Sunnan megin á mönum væri hægt að koma fyrir gróðri sem gæfi þægilegri ásýnd að svæðinu fyrir nágretta fyrir sunnan byggingareit 501. Mynd 13 gefur til kynna ásýnd bygginga á rekstrartíma. Hafa ber í huga að hljóðmanir eru ekki sýndar á myndinni, eins og fjallað er um í kafla 4.3.




Mynd 14. Þrívíddarmyndir sem sýna mögulega ásýnd fyrirhugaðra bygginga. Athuga skal að á myndinni eru hljóðmanir ekki sýndar sem fjallað er um í kafla 4.3.

4.3 Hávaði

Uppspretta hávaða á framkvæmdatíma er hávaði tengdur vinnuvélum á svæðinu og jarðvinnu. Ekki eru reiknuð gildi fyrir hávaða á framkvæmdatíma en unnið verður í samræmi við viðmiðunarmörk í viðauka reglugerðar um hávaða þar sem gefin eru upp tímamörk fyrir háværar framkvæmdir virka daga og um helgar.


Helstu áhrif vegna hávaða eru á rekstrartíma frá kælibúnaði en einnig vegna varaafstöðva við prófanir og ef ræsa þarf vélarnar.

Samkvæmt núgildandi skipulagi er sú kvöð á byggingum á reit 501 að „hönnun bygginga tryggi fullnægjandi hljóðvist gagnvart nærliggjandi húsum.“ Mynd 15 sýnir útreiknaðan hávaða í samræmi við núgildandi deiliskipulag. Gildi í íbúðarbyggð eru að langstærstum hluta undir viðmiðunarmörkum fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi sem er 40 dB.



Mynd 15. Hávaði miðað við heimildir í núgildandi deiliskipulagi.

Gert er ráð fyrir að sambærileg kvöð verði áfram í gildi í breyttu deiliskipulagi. Mynd 16 sýnir útreiknaðan hávaða í samræmi við þau áform sem hér er fjallað um.



Mynd 16. Hávaði miðað við fyrirhuguð áform.

Miðað er við að hægt verði að tryggja fullnægjandi hljóðvist gagnvart nærliggjandi húsum með hönnun hljóðmana (5 m að hæð við reit 401 og 1,5 m við reit 301), veggja og annarra mannvirkja á svæðinu frá væntanlegu byggingareit að lóðarmörkum. Með því er talið að hljóðstig í nærliggjandi íbúðarbyggð verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar.

Tekið er fram að þetta á eftir að útfæra nánar til að uppfylla nógildandi kvaðir um takmörkun á hávaða.

Þegar keyrt er á varaafli verður hávaði þó meiri en aðeins er gripið til þeirra aðgerða ef um neyðarástand er að ræða, sem ætti aðeins að vara í stuttan tíma. Líkur á neyðarástandi og þörf á notkun varaafllsstöðva verður minni á næstu árum með tilkomu sterkari tenginga við raforkukerfið.

Með mótvægisáðgerðum verður hljóðstig í nálægu íbúðarhverfi undir viðmiðunarmörkum reglugerðar og áhrif því óveruleg.

4.4 Losun efna

Helsta losun efna á rekstartíma verður vegna útblásturs frá varaafslvélum sem prófaðar er fjórum sinnum á ári og í neyðartilvikum. Einnig eru gerðar ráðstafanir til varnar olíumengun í jarðveg og grunnvatn. Á framkvæmdatíma er losun efna helst tengd vinnuvélum, ryki frá þeim og úrgangi sem þarf að fjarlægja.

4.4.1 Til andrúmslofts

Þar sem notuð verður HVO á varaafslvélum þá er losun gagnaversins á gróðurhúslofttegundum 75 til 90% minni en ef brennt er hefðbundinni dísilolíu, þann stutta tíma sem varaafslvélur eru prófaðar á hverju ári. Einnig er losun rykagna og margra annarra efna umtalsvert minni en ef dísilolíu er brennt. Losun köfnunarefnisoxíða minnkar minnst eða aðeins um 5-10%, en á móti kemur að þau efni myndast helst þegar um langtíma keyrslu er að ræða, sem ekki verður nema í neyðartilvikum.

Áhrif vegna losunar efna til andrúmslofts eru því neikvæð en tímabundin; á framkvæmdartíma eða með notkun varaafls sem er bundið við prófanir eða neyðartilvik sem varir aðeins í stuttan tíma.

4.4.2 Til vatns

Ekkert yfirborðsvatn er á byggingarsvæði né lóð Verne Global ehf. en lóðin er á svæði grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G).⁷ Það vatnshlot er undir álagi m.a. frá núverandi starfsemi í tengslum við flugvöllinn og varnarsvæðið og urðunar og úrgangsméðhöndlunar.

Verne hefur látið vinna áhrifamat vatnshlota fyrir núverandi starfsemi gagnaversins sem sýnir að áhrif á vatnshlot eru lítil.

Ekki er gert ráð fyrir losun á vatni til umhverfisins frá rekstri gagnaversins. Kælivatn verður í hringrás, fráveita frá starfsmannasvæðum verður í fráveitukerfi sveitarfélagsins og ofanvatn verður meðhöndlað í samræmi við ákvæði skipulags.

Olúgeymar eru undir hverri vél og því verða fráveitulagnir af svæðinu tengdar við olúskilju. Einnig verða settir upp skynjarar sem vakta olúleka. Í rekstrarhandbók fyrir varaafstöðvar Verne, sem HES hefur tekið út, er lýsing á ferlum auk viðbragðsáætlunar við olúleka að auki þess lýst þeim búnaði sem til staðar er til að bregðast við mögulegum olúleka s.s. ísogsefni og hreinsibúnaður.

Það áhrifamat sem unnið hefur verið fyrir núverandi gagnaver Verne Global ehf. mun eiga við eins og áður.

4.4.3 Úrgangur

Fjarlægja þarf núverandi malbik sem er á vesturhluta svæðisins samtals um 15 000 m². Kannaðir verða möguleikar á því að endurnýta malbikið eins og kostur er.

Úrgangur á byggingartíma verður flokkaður og komið til endurnýtingar í samræmi við lög og reglugerðir og þá möguleika sem til staðar eru.

Jarðefni sem fellur til á svæðinu verður nýttur til að útbúa manir syðst á lóðinni til að mýkja ásýnd og draga úr hávaða.

Olía sem er á tönkum véla þarf að endurnýja reglulega ef hún hefur ekki verið notuð. Endingartími HVO er mun lengri en hefðbundin dísilólía, sem endist ekki nema 1-2 ár. Þar af leiðandi ætti magn úrgangsolíu að vera töluvert minna. Hugsanlega má nota olíu sem eldsneyti á farartækjum eða vélum annars staðar þegar líður á líftíma eldsneytisins.

Áhrif vegna úrgangsefna eru því neikvæð en lítil og tímabundin og bundin við framkvæmdartíma.

4.5 Fornminjar

Samkvæmt greinargerð aðalskipulags 2020-2035 eru engar fornminjar skráðar á þessu svæði.⁸ Ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir verður haft samband við Minjastofnun og framkvæmdir stöðvaðar þar til leyfi Minjastofnunar fæst skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

4.6 Samfélag

Verne hefur rekið gagnaver á Valhallarbraut í Reykjanesbæ síðan 2012. Frá þeim tíma hefur starfsemi gagnaversins vaxið smám saman og er leyfilegt uppsett afl nú 84 MW. Á þessum tíma hefur félagið verið stór vinnuveitandi í sveitarfélaginu sem einnig hefur fengið tekjur af starfsemi Verne í formi fasteignaskatta. Fjöldi starfsmanna gagnaversins er í dag alls 50. Samkvæmt upplýsingum frá Verne koma starfsmenn víða að, en 85% eru búsettir á Suðurnesjum.

⁷ Vatnavefsjá, sótt 18.03.2026 <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-115-2-G>

⁸ Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 greinargerð, 19. október 2022

https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=7sOV9W_fr0K0JNjSjLo6Yw

Með áformuðum breytingum meira en tvöfaldast uppsett afl gagnaversins, þó byggingamagn sé minna en núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að uppbygging geti hafist á árinu 2026, eða þegar öll leyfi liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi yfir árin 2026-2028. Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir að 300-830 störf skapist og er gert ráð fyrir að um 60% starfanna verði innlend, en sérhæfða erlenda starfsmenn þarf til uppsetningu búnaðar. Gert er ráð fyrir að um 45 manns muni starfa við nýtt gagnaver á rekstrartíma og alls því um 95 starfsmenn við gagnaverið allt. Með stækkuninni skapast því frekari tækifæri til atvinnu í samfélaginu, en samkvæmt mælaborði Vinnumálastofnunar hefur mánaðarlegt atvinnuleysi verið um og yfir 8 % frá janúar 2025 til febrúar 2026.⁹

Frekari uppbygging Verne mun jafnframt auka tekjur sveitarfélagsins og stuðla þannig að jákvæðum áhrifum á nærsamfélagið.

⁹ Vinnumálastofnun, sótt 18.03.2026 <https://island.is/s/vinnumalastofnun/maelabord-og-toelulegar-upplýsingar>

5 Niðurstaða

Í samræmi við viðmið sem sett eru fram í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana telur framkvæmdaraðili að fyrirhuguð bygging gagnavers muni ekki hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Ekki er talin ástæða til þess að leggja til sérstakar mótvægisáðgerðir til þess að draga úr áhrifum, nema vegna hávaða. Þær áðgerðir verða í samræmi við kvaðir sem til staðar eru í núgildandi skipulagi og lagt er til að verði áfram í breyttu skipulagi. Nú er gert ráð fyrir að dregið verði úr hávaða við næstu íbúðarbyggð með hljóðmönnum og veggjum, sem gefa jafnframt mun mýkri ásýnd en bygging sem áætluð er í núgildandi skipulagi.

Í samræmi við ofangreint og umfjöllun í þessari greinargerð eru helstu röksemdir eftirfarandi:

Eðli starfsemi

Um er að ræða rekstur hátækni gagnavers sem byggir á góðum tengingum við raforkukerfið. Rekstur gagnavers felur í sér þá starfsemi og viðhald sem þarf til að tryggja að gagnaverið starfi á skilvirkan, öruggan og stöðugan hátt. Starfsemin felur í sér hýsingu á tölvubúnaði ásamt rekstri kælikerfa og annarra innviða gagnaversins. Til að tryggja öryggi gagna er nauðsynlegt að varaafli sé á staðnum ef til neyðarástands kemur, t.d. ef tenging við raforkudreifikerfi rofnar tímabundið eða ef um tímabundinn skort á raforku er að ræða. Við venjulega starfsemi verða varaafslvélarnar álagsprófaðar reglulega eins gert er í öðrum byggingum á svæðinu. Í samræmi við stefnu Verne að skipta út öllu jarðefnaeldsneyti mun varaaflið ganga fyrir lífrænni díselolíu.

Staðsetning starfsemi

Framkvæmdir fara fram á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem athafnasvæði og er hluti stærra svæðis þar sem megin áhersla er á flugvallarstarfsemi og rýmisfreka starfsemi. Fyrirhuguð bygging gagnavers er staðsett á byggingareitum 401 og 501 á skipulagsreit Valhallarbrautar 868, samkvæmt núgildandi deiliskipulagi.

Á stórum hluta svæðisins hefur landslagi verið áður raskað með rásam fyrir ofanvatnslausnir, malbikuðum götum, plönnum og malarsvæðum. Engar skráðar fornleifar eða önnur viðkvæm svæði sem þarf að forðast að vera innan og/eða raska eru í nágrenninu eða verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa starfseminnar

Áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar eru metin óveruleg eða lítil á framkvæmdatíma þar sem viðmiðunarmörkum vegna hávaða verður fylgt og losun frá vinnuvélum og úrgangi af svæðinu verður tímabundin og lítil.

Megin áhrif á rekstrartíma snúa að ásýnd sem mögulegt er að milda með mótvægisáðgerðum s.s. mön og gróðri. Einnig verður hávaði frá starfseminni, en gerðar verða ráðstafanir til að lágmarka áhrifin svo þau verði innan reglugerðarmarkna á nálægu íbúðarsvæði. Þar að auki eru áhrif vegna útblásturs frá varaafslvélum ef ræsa þarf vélarnar ásamt ráðstöfunum til varnar olíumengunar.

Ekki er um að ræða umfangsmiklar breytingar miðað við núverandi starfsemi á svæðinu.

Við rekstur nýs gagnavers munu skapast um 45 ný störf í Reykjanesbæ ásamt tekjum fyrir sveitarfélagið í formi fasteignaskatta. Þannig mun starfsemin einnig stuðla að jákvæðum áhrifum á nærsamfélagið.